



Agamál, verkferlar

Kvartanir eða tilkynningar vegna dómara

Tilkynningaferli:

Nauðsynlegt er að tilkynna kvartanir vegna dómara til viðeigandi aðila þegar slíkt kemur upp innan hestaíþróttarinnar.

Slíkar tilkynningar skulu berast frá hlutaðeigandi aðilum til Landssambandsins. Hér má sjá feril yfir það hvernig tilkynningar geta borist eftir öruggum boðleiðum til þeirra sem bera ábyrgð innan félags, Landssambands hestamanna og í kjölfarið, eftir atvikum, til samskiptaráðgjafa ÍSÍ sem aðstoðar við vinnslu slíkra mála.

Í málum þar sem slík atvik koma á borð sambandsins er mikilvægt að allir hlutaðeigandi aðilar fái tækifæri til þess að segja frá sinni hlið málsins, og dómari sem fær á sig tilkynningu hafi ávallt andmælarétt áður en frekari ákvarðanir eru teknar.

Ferill mála af því tagi sem talinn er upp hér að ofan þarf alltaf að vera þessi:

Tilkynning skrifleg ➡ **Umfjöllun** ➡ **andmælaréttur** ➡ **afgreiðsla** (dómarafélag, dómaranefnd, úrskurðarnefnd).

Mótskýrslur, sérskýrsla yfirdómara eða skriflegar tilkynningar eru lykilskjöl og algjör forsenda þess að hægt sé að taka mál til afgreiðslu.

Tilkynningar/kvartanir flokkast í eftirfarandi 3 flokka:

Flokkur 1: Faglegur þáttur dómstarfa

Flokkur 2: Óviðeigandi hegðun

Flokkur 3: Alvarleg atvik

Afleiðingar flokkast í eftirfarandi aðgerðir:

Tiltal

Aðvörun

Útilokun frá dómstörfum tímabundið skv. reglu 3.2 um dómara í reglugerð um mótahald á Íslandi.



Ítarefni

Eðli tilkynninga og ferill þeirra:

1. Faglegur þáttur dómstarfa

Ferill: Kvartanir berast til yfirdómara móts sem ákveður afgreiðslu og ræðir við viðkomandi dómara. Tilkynning er færð í mótsskýrslu eða send til skrifstofu LH/dómaranefndar.

Afgreiðsla:

- Yfirdómari ræðir við viðkomandi dómara
- Við ítregaðar kvartanir ræðir formaður viðkomandi dómarafélags við aðila málsins.

2. Óviðeigandi hegðun eða framkoma á mótssstað

Ferill: Kvartanir berast til yfirdómara eða með mótsskýrslu/tilkynningu til LH, sem ákveða svo afgreiðslu. Skriflegar kvartanir geta einnig borist beint til formanna viðkomandi dómarafélags eða dómaranefndar LH til afgreiðslu

Afgreiðsla:

- Yfirdómari ræðir við viðkomandi,
- Ítregaðar kvartanir þá ræðir formaður viðkomandi dómarafélags við aðila að málinu
- Ákvörðun um hvort aðvörðun/áminning sé gefin út. Dómaranefnd eða aga- og úrskurðarnefnd gefa út slíkar áminningar.
- Tvær áminningar yfir keppnistímabilið þýða að dómari er tekinn úr dómstörfum í allt að 6 mánuði skv. reglu 3.2 í reglugerð um mótahald á Íslandi

3. Kynferðisleg áreitni, annað ofbeldi eða einelti.

Ferill: Þarf strax að tilkynna til mótstjóra og yfirdómara á meðan móti stendur eða til viðeigandi yfirvalda eftir eðli málsins.

- Dómara er vikið strax af staðnum og varadómari kallaður inn.
- Málið sent strax til afgreiðslu dómaranefndar LH sem setur það í farveg. Á meðan mál er í afgreiðslu starfar viðkomandi dómari ekki sem virkur dómari.
- Málsaðilar boðaðir til fundar og ákvörðun um afleiðingar tekin í kjölfarið.
- Afgreiðslu mála skal ætíð flýta eins og kostur er og skal dómaranefnd afgreiða málin innan tveggja vikna frá því að tilkynning berst.